

Reykjavíkurborg
Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

SENT Á SAMRÁÐSGÁTT

Reykjavík, 22. október 2025

Efni: Umsögn um tillögur stýrihóps um umbætur í náms- og starfsumhverfi leikskóla Reykjavíkurborgar

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til ofangreindra tillagna stýrihóps Reykjavíkurborgar, sem birtar hafa verið á vef borgarinnar. Félagið varar eindregið við því að þessum tillögum verði hrint í framkvæmd.

Í tillögunum er lagt til að dvalartími barna á leikskóla verði stytur. Með fjárhagslegum „hvötum“, sem eru í raun refsingar, á að fá foreldra til að stytta vistunartíma barna sinna í því skyni að leysa úr rekstrarlegum vanda leikskóla Reykjavíkurborgar og mæta styttingu vinnutíma starfsmanna ríkis og sveitarfélaga, sem er langt umfram þá styttingu sem samizt hefur um á almennum vinnumarkaði.

Það var stórt jafnréttismál og mikið hagsmunamál atvinnulífsins í borginni þegar Reykjavíkurborg gat boðið öllum foreldrum barna á leikskólaaldri upp á heilsdagsvistun. Mæður gátu tekið fullan þátt á vinnumarkaði og fyrirtækin nutu starfskrafta mæðra til jafns við feður. Að lækka það þjónustustig, eða stórhækka verðskrána fyrir fulla vistun, vinnur gegn markmiðum jafnréttis og hagsmunum atvinnulífsins. Enn hefur ekki tekizt að jafna launamun kynjanna að fullu. Hættan er því sú að það verði frekar mæðurnar, sem beri hallann af styttri vistunartíma og aftur verði kynt undir vítahring ójafnrar verkaskiptingar og launamunar kynjanna.

FA ítrekar að vinnutími á almennum vinnumarkaði er almennt lengri en hjá starfsmönnum sveitarfélaga. Foreldrar þurfa svigrúm til að komast til vinnu eftir að hafa komið börnum sínum á leikskóla og til að sækja þau að vistun lokinni. Sá tími, sem fer í ferðalög milli heimilis, vinnustaðar og leikskóla lengist sífellt vegna aukinna umferðartafa í borginni, sem núverandi stjórnendur hennar gera lítið til að draga úr. Nýleg dæmi um að hundruðum milljóna króna sé varið til framkvæmda sem hægja á umferð eru umhugsunarefni.

Að stytta vistunartíma barna með því að refsa foreldrum þeirra fjárhagslega fyrir að þiggja fullan vistunartíma eða halda því að fólki að börnin hafi í raun ekki gott af því að vera á leikskólanum á meðan foreldrar þeirra eru í vinnunni mun auka á streitu foreldra, skapa álag á vinnustöðum og þrýsta á hækkun launakostnaðar hjá fyrirtækjum. Á sama tíma og Reykjavíkurborg vill þrengja að kostum foreldra í þessu efni leggst núverandi borgarstjórnarmeirihluti gegn því að fyrirtæki fái að stofna eigin leikskóla til að létta áhyggjum og byrðum af eigin starfsfólki. Það þykir FA veruleg mótsögn.

FA leggst því eindregið gegn þeim breytingum, sem stýrihópurinn leggur til og óskar þess að annarra leiða verði leitað til að mæta fjárhagsvanda leikskóla borgarinnar. Félagið er ævinlega reiðubúið til

skrafs og ráðagerða með stjórnendum borgarinnar um forgangsröðun í fjármálum og aðgerðir til að bæta stöðu atvinnulífs í borginni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA